

**1074. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 16. september
2019 og hófst hann kl. 08:05.**

Fundinn sátu:

Arna Lára Jónsdóttir aðalmaður og Marzellíus Sveinbjörnsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Kristján Þór Kristjánsson.

Embættismenn:

Þórdís Sif Sigurðardóttir, staðgengill bæjarstjóra.

Fundargerð ritaði: Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

Kristján Þór Kristjánsson var kjörinn fundarstjóri fundarins.
Jónas Þór Birgisson mætti til fundarins sem áheyrnarfulltrúi.

Dagskrá:

1. Öll vötn til Dýrafjarðar - 2018090052

Agnes Arnardóttir, verkefnastjóri, boðin til fundarins til að fara yfir verkefnið Öll vötn til Dýrafjarðar.

Agnes Arnardóttir, verkefnastjóri Allra vatna til Dýrafjarðar, fer yfir framtíðarsýn og markmið verkefnisins frá desember 2018 og þau atriði sem komu til umræðu á íbúafundi 11. september 2019.

Bæjarráð þakkar Agnesi fyrir komuna og framlag hennar til verkefnisins til þessa.

Gestir

Agnes Arnardóttir, verkefnastjóri - 08:05

Agnes yfirgefur fundinn kl. 8:45.

2. Niðurfelling gatnagerðargjalda vegna byggingar íbúðarhúsnæðis - 2017050003

Umræður um framlengingu niðurfellingar gatnagerðargjalda.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að kortleggja þær lóðir sem tilbúnar eru til úthlutunar í sveitarfélaginu og gera tillögu til bæjarstjórnar um niðurfellingu gatnagerðargjalda vegna byggingar íbúðarhúsnæðis.

3. Fjárhagsáætlun 2019 - 2018030083

Lagt fram minnisblað Eddu Maríu Hagalín, fjármálastjóra, dagsett 11. september sl., þar sem kynnt er meðfylgjandi útkomuspá 2019 fyrir Ísafjarðarbæ sem sýnir rekstrarafgang að fjárhæð 44,5 m.kr.

Edda María Hagalín, fjármálastjóri, gerir grein fyrir drögum að útkomuspá Ísafjarðarbæjar vegna ársins 2019.

Gestir

Edda María Hagalín, fjármálastjóri - 09:05

4. Fjárhagsáætlun 2020 - 2019030031

Lagt er fram minnisblað Eddu Mariú Hagalín, fjármálastjóra, dags. 11. september sl., varðandi forsendur fjárhagsáætlunar 2020-2023. Einnig er kynnt sundurliðunarskjal jan-júl 2019 með samanburði sem grunnur að tillögu að rammaáætlun 2020.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja tillögur að eftirfarandi forsendum í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar vegna ársins 2020 og að gert verði ráð fyrir að þriggja ára áætlun fyrir árin 2021 til 2023 verði á sama verðlagi:

- Verðbólga 3,2%
- Gjaldskrár hámark 2,5%
- Launahækkun í samræmi við kjarasamninga eða 5,5%
- Útsvarstekjur samkvæmt áætlun sambandsins sem liggur fyrir í október
- Jöfnunarsjóður samkvæmt áætlun Jöfnunarsjóðs sem liggur fyrir í október

Edda María yfirgefur fundinn kl. 9:15.

5. Fundargerðir heilbrigðisnefndar og ýmis erindi 2019 - 2019020071

Lögð er fram fundargerð Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis frá fimmtudeginum 12. september sl.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

7. Skipulags- og mannvirkjanefnd - 525 - 1909002F

Kynnt er fundargerð 525. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar frá 11. september sl. Fundargerðin er í 13 liðum, með 8 tillögum til bæjarstjórnar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

7.1 2019090038 - Túngata 1, 400. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila endurnýjun lóðarleigusamnings vegna fasteignar að Túngötu 1, Ísafirði.

7.2 2019080008 - Umsókn um lóðarleigusamning. Túngata 4, 430

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila endurnýjun lóðarleigusamnings vegna fasteignar að Túngötu 4, Suðureyri. Nefndin setur fram kvöð um að lóðarhafar við Túngötu 6 hafi aðgengi og umgengni til viðhalds að þeirri hlið skúrs sem snýr að Túngötu 4

7.3 2019090032 - Túngata 7, umsókn um nýjan lóðarleigusamning

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila endurnýjun lóðarleigusamnings vegna fasteignar að Túngötu 7, Ísafirði.

7.4 2019090033 - Túngata 9, umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila endurnýjun lóðarleigusamnings vegna fasteignar að Túngötu 9, Ísafirði.

7.5 2019050019 - Meðaldalur - nýskráning landareignar/stofnun lóðar.

Skipulags og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila stofnun

lóðar undir íbúðarhús í landi jarðarinnar Meðaldalur.

7.6 2019090012 - Byggingarleyfisumsókn fyrir viðbyggingu að Hjarðardal Ytri 1 F212-6068

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bærastjórn að heimila stofnun lóðar vegna íbúðarhúss í landi Ytri Hjarðadals 1 sbr. afstöðumynd dags. 03.09.2019

Nefndin telur að ekki þurfi að grenndarkynna erindið m.t.t. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem hagsmunir varða ekki aðra en landeiganda sjálfan. Byggingarfulltrúa falið að vinna málið áfram..

7.8 2019080029 - Sundstræti göngustígur - Skipulag

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bærastjórn að heimila óverulega breytingu á aðalskipulagi með hliðsjón af legu göngustígs, jafnframt að heimila verulega breytingu á gildandi deiliskipulagi þ.e. deiliskipulag Eyrarinnar dags. nóvember 1997. Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að vegur austan Sundstrætis verði felldur út, og samræmi verði á milli aðalskipulags og deiliskipulags.

7.11 2019090045 - Öldugata 2 - umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bærastjórn að heimila útgáfu lóðarleigusamnings, að viðbættri kvöð um aðgengi lóðarhafa Eyrarvegar til viðhalds að þeirri hlið skúrs sem snýr að Öldugötu 2

6. Fræðslunefnd - 408 - 1909010F

Fundargerð 408. fundar fræðslunefndar sem haldinn var 12. september sl. Fundargerðin er í 9 liðum.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:27

Arna Lára Jónsdóttir

Kristján Þór Kristjánsson

Þórdís Sif Sigurðardóttir